

Kæru nemendur í 2. bekk

Það styttest í að við höldum peysufatadaginn ykkar hátíðlegan **föstudaginn 5. apríl**. Á þessum degi klæðast nemendur íslenskum þjóðbúningum og syngja og dansa úti um borg og bý. Þetta er ávallt mikill gleðidagur og af mörgum fyrrverandi nemendum skólans talinn einn eftirminnilegasti skóladagurinn þegar þau líta til baka yfir Kvennaskólaárin sín.

Við gerum ráð fyrir að halda **kynningarfund og söngæfingu** í fyrri hluta marsmánaðar og svo nokkrar dans- og söngæfingar í framhaldinu fyrir og eftir páskafrí (haldnar strax eftir skóla). Við þetta bætast dansæfingar í Heilsulæsi. Þetta verður allt auglýst nánar þegar nær dregur.

Ef þið eruð ekki búin að því nú þegar er um að gera að huga að **klæðnaði dagsins**. Löng hefð er fyrir því að nemendur klæðist íslenskum búningi af einhverju tagi og finnið þið á heimasíðunni fróðlegar [upplýsingar um algenga búninga](#). Eins getið þið valið að klæðast á þjóðlegan máta, t.d. í [lopapeysu og dökkar buxur](#). **Engin ykkar ættu að láta fataleysi koma í veg fyrir þátttöku** á þessum skemmtilega og eftirminnilega degi, **ÖLL eru hvött til að vera með**.

Einhver ykkar geta eflaust fengið **lánaða** búninga hjá ættingjum eða vinum, þeir leynast á mörgum heimilum, sérstaklega kvenbúningar. Mörg kjósa að **leigja** búning og við vitum af fjórum aðilum sem bjóða upp á þjóðbúningaleigu. Flest hafa leitað til **Þjóðdansafélagsins** í gegnum árin enda er úrvalið mest hjá þeim en einnig á **Þjóðbúningaleiga Kolfinnu** nokkra búninga, sem og **Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar**. Jafnframt hefur **Glímusamband Íslands** nokkra [karlabúninga](#) til leigu. Nánari upplýsingar um þessar leigur eru hér fyrir neðan.

Bestu kveðjur,

Margrét Helga Hjartardóttir, frönskukennari við Kvennaskólann og umsjónarkona peysufatadagsins

Þjóðdansafélagið Álfabakka 14a Félagið vill afgreiða allar pantanir í gegnum tölvupóst . Senda á póst með fyrirspurn og fá tíma í mátun: thjoddans@gmail.com	Þjóðbúningaleiga Kolfinnu Efstasundi 37 s: 553 8955 / 893 8949 kolfinnasig@gmail.com
Glímufélag Íslands gli@glima.is (taka bara við pöntunum í gegnum þennan póst. Ath. eingöngu KARLABÚNINGAR).	Þjóðbúningar og fatagerð Sólveigar s: 568 5606, Ásgarði 1

